

**Áttundi fundur stjórnar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga  
starfstímabilið 2022 – 2023**

**Miðvikudaginn 22 febrúar 2023 kl. 09:00 á Teams**

**Mættar:** Anna Kristín B. Jóhannesdóttir, Ásdís M. Finnbogadóttir, Guðbjörg Pálsdóttir, Guðlaug Ásta Gunnarsdóttir, Guðrún Yrsa Ómarsdóttir, Hulda Sveinbjörg Gunnarsdóttir og Hulda Björg Óladóttir,

**Boðuð forföll:** Halla Eiríksdóttir og Hildur Björk Sigurðardóttir

**Gestir:** Edda Dröfn Daníelsdóttir sviðsstjóri fagsviðs og Hafdís Böðvarsdóttir fjármálastjóri.

**Til afgreiðslu:**

**1. Fundargerð sjöunda fundar stjórnar Fíh**

**Afgreiðsla:** Samþykkt.

**Til umræðu:**

**2. Aðalfundur Fíh 2023 og hvatningastyrkir stjórnar**

Sviðstjóri fagsviðs fór yfir undirbúning aðalfundar 12. maí næstkomandi. Ræddar voru nýjar hugmyndir varðandi hvatningastyrki Fíh.

**Afgreiðsla:** Umræður. Samþykkt að stjórn fari í endurskoðun hvatningastyrkja og klárar þá vinnu á Teams fyrir næsta stjórnarfund.

**3. Ársreikningar Fíh – framsetning**

Fjármálastjóri kynnti fyrir stjórn mismunandi framsetningar ársreikninga Fíh og þar með breytingar frá fyrri árum.

**Afgreiðsla:** Umræður um mismunandi framsetningu. Stjórn samþykkti tillögu.

**4. Starfsáætlun stjórnar starfsárið 2023-2024**

Farið yfir starfsáætlun stjórnar og vinnu að starfsáætlun fyrir næsta starfsár.

**Afgreiðsla:** Umræður. Ákveðið að starfsáætlun stjórnar verður mótuð nánar og byggir á aðgerðaáætlun Fíh í hjúkrunar- og heilbrigðismálum til 2030.

**5. Gerð aðgerðaráætlunar við stefnu Fíh í hjúkrunar- og heilbrigðismálum til 2030**

Vinna stjórnar við aðgerðaráætlunina Fíh heldur áfram.

**Afgreiðsla:** Umræður. Stjórn vinnur áfram við gerð aðgerðaáætlunar í samvinnu aðila sem er að aðstoða Fíh í þeirri vinnu.

## 6. Gæðaskjal fyrir undirbúning ráðstefnu á vegum Fíh

Sviðsstjóri fagsvið hefur sent stjórn nýtt skjal varðandi undirbúning ráðstefna á vegum Fíh til frekari umfjöllunar.

**Afgreiðsla:** Umræður. Ákveðið að stjórn fari yfir skjalið næstu daga. Formaður og varaformaður vinna síðan að endanlegri gerð skjalsins.

## 7. Staða kjaraviðræðna

Formaður fór yfir stöðuna í kjaramálum og megináherslur Fíh í komandi kjarasamningum. Búinn er einn samninganefndafundur við samninganefnd ríkisins.

**Afgreiðsla:** Umræður.

### Önnur mál:

## 8. Fundir með hjúkrunarfræðingum um landið - Ræðum komandi kjarasamninga

Formaður kynnti fyrir stjórnarmeðlimum hringferðina sem hefur verið farin um landið undanfarin mánuð. Þar hefur verið fundað með hjúkrunarfræðingum og staðan í kjaramálum rædd.

**Afgreiðsla:** Umræður.

## 9. Ráðning nýs sviðsstjóra fagsviðs

Formaður kynnti fyrir stjórn umsóknir sem hafa borist í stöðu sviðsstjóra. Verið er að ræða við umsækjendur og stefnt er að þessari vinnu ljúki fyrir helgi.

**Afgreiðsla:** Umræður.

## 10. Trúnaðarmál

**Afgreiðsla:** Umræður.

Stjórnarfundi slitið kl. 12.30

Næsti fundur stjórnar er áætlaður 29. mars 2023.

Guðrún Yrsa Ómarsdóttir, ritari Fíh